

„**Heimili á hafinu . . .**“ **G. Sch.** Titill sýningar er úr skrifum Guðmundar Scheving í *Ármann á Alþingi* 4.árg.1832; tímarit Baldvins Einarssonar, baráttumanns fyrir sjálfstæði Íslands.

Verkefni kynningarinnar, sem nú stendur yfir í Norska húsinu fjallar um hús í Stykkishólmi og í Flatey. Húsin eru byggð fyrir arf frá forfeðrum. Forfeður og frumkvöðlar að auðmyndun vestursvæðis landsins voru Ólafur Thorlacius með útgerð frá Bíldudal og Stykkishólmi (d.1815), Bogi Benediktsson var verslunarstjóri Ólafs (d.1849). Guðmundur Scheving stofnaði til útgerðar í Flatey (d.1837). Þeir byggðu allir á leyfi konungs til útgerðar og verslunar. (Forgöngumenn um uppbyggingu voru fleiri fyrir vestan. Fjölmargir eru nefndir í heimild sem hér er stuðst við: Ritroð Lúðvíks Kristjánssonar: *Vestlendingar I.II. III.*)

Afkomendur þeirra Thorlacius, Boga og Scheving tóku við arði útgerðar og verslunar; þeir beindu arðinum áfram í anda vakningar innan samfélagsins, samstöðu fyrir afnámi verslunarhafta „fríverslunar“ danskra kaupmanna (aflétt 1854) og baráttu til aukins sjálfræðis í eigin landi. Hús þeirra eru minni um tíma, þau eru sjónræn arfleifð sjálfstæðisbaráttunnar: Norska húsið, var heimili Árna Thorlacius í Stykkishólmi; hús/heimili Brynjólfs Bogasonar Benediktsen og Herdísar Scheving í Flatey, og bókhlaðan í Flatey (fjármögnun að hluta). Loks stofnaði Herdís Scheving til ávöxtunar sjóðs um byggingu kvennaskóla á vestursvæði landsins. (Staðarfell.)

Lestrarfélög: Embættismenn stofnuðu lestrarfélög um aldamótin 1800, mest var um bækur á dönsku og gagnaðist illa alþýðu. Barðastrandarsýslu-lestrarfélag var stofnað af Scheving og Thorlacius o.fl. um 1801. Napóleonsstjryldir stóðu yfir og fátt um fréttir af félaginu. Ólafur Sívertsen var starfsmaður Scheving nokkur ár frá 1816, hann tók að sér umsýslu félagsins og bætti bókakost. Bækur félagsins voru seldar á uppboði um það leyti sem Ólafur var vígður til prests í Flatey, en áratug síðar stofnaði séra Ólafur Sívertsen og kona hans, Jóhanna Friðrika menningarfélagið Framfarastofnun Ó. S. og J. F. Bókasafn Framfarastofnunar var þá styrkt með bókum fyrra félags og fjárframlögum. Stofnunin var samstöðutákn þeirra sem áttu heimili sitt í Flatey. Eftir að Brynjólfur og Herdís settust þar að 1840 var *Bréflega félagið* stofnað, fjallað var um þörf samfélagsmál í bréfum, sem voru send milli manna á víðfeðmu svæði; loks gefið út tímarit: *Gestur Vestfirðingur*. Tengsl voru mikil við Norska húsið, Árni Thorlacius var félagi í *Bréflega félaginu* og ötull stuðningsmaður Ólafs Sívertsen og til framfara. Árni Thorlacius reyndi stofnun lestrarfélags um 1841 með séra Jóni Guðmundssyni á Helgafelli, og bókasafn vesturamtsins, sem var alþýðubókasafn og upphaflega stofnað 1847 af Bjarna Thorsteinssyni amtmanni og séra Péttri Péturssyni, var í umsjón Árna Thorlacius og sonar hans í áratugi.

Fyrir hvatningu Jóns Sigurðssonar boðuðu félagar í *Bréflega félaginu* til Vorþinganna norðan og sunnan Breiðafjarðar í því skyni að mynda samstöðu manna fyrir Þjóðfundinn. Séra Ólafur Sívertsen var í forsvari samtakanna og ásamt þeim áður nefndu voru þar fremstir séra Eiríkur Kúld og séra Guðmundur Einarsson, sonur og tengdasonur Ólafs Sívertsen. Þeir voru þingmenn svæðisins á Alþingi til margra ára. Allir sem hér hefur verið greint frá voru þjóðflokksmenn, og sátu flestir Þjóðfundinn 1851.

Bókhlaðan í Flatey var byggð að frumkvæði og með fjármagni Brynjólfs Benediktsen á árunum 1864/1865, á móti kom sjóður *Framfarastofnunar Ó. S. og J. F.* í Flatey. Bókasafnið var áður geymt á kirkjuloftinu, séra Ólafur Sívertsen var þá látinn (d. 1860). Kirkjan var orðin lek og bygging nýrrar kirkju stóð yfir. Kirkjan stóð þá vestanvert innan kirkjugarðsins. Bókhlaðan var reist á hæsta stað Flateyjar og var einskonar „mið“ sjófarenda um Breiðafjörð í áratugi. Við byggingu nýrrar kirkju 1925 var bókhlaðan tekin af grunni, flutt nokkra tugi metra til austurs og sett niður á annan grunn, en ný kirkja reist á grunni bókhlaðunnar. Bókhlaðan í Flatey var með fyrstu húsum á landinu sem byggt var til að hýsa bækur. Ípaka, bókhlaða Lærða skólans, var byggð um ári síðar fyrir gjafafé ensks kaupmanns.

“Home on the Sea” G.Sch. The title of the exhibition is taken from the writings of Guðmundur Scheving in *Ármann á Alþingi Vol. IV, 1932* – a magazine owned by Baldvin Einarsson, an advocate for Iceland’s independence.

Bókhlaðan – the library in Flatey – was built by Brynjólfur Benediktson in 1864-1865 after the passing of rev. Ólafur Sívertsen (d. 1860), Brynjólfur put up most of the funds for the library, though part of the cost was covered by *Framfarastofnun*. Prior to the build, the books had been stored in the church attic, but a new church was also being built at the time. Bókhlaðan was built by a Danish church builder, Niels Krøyer and an Icelandic carpenter Ebenezer Matthíasson. This fine building was among the first, if not *the* first library building in Iceland. The building for the library of Menntaskólinn í Reykjavík, Íþaka, was erected a year later for funds donated by an English Merchant.